



Húnaþing vestra

Hvammstangabraut 5 • 530 Hvammstangi
Sími 455 2400 • Fax 455 2409
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsögötu 4
101 Reykjavík

Hvammstangi, 27. nóvember 2018

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um sviðslistir

Vísað er til þeirra frumvarpsdraga til laga um sviðslistir sem liggja fyrir á Samráðsátt. Húnaþing vestra vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum um fyrirbyggjandi drög:

Almennt

Athugasemdir okkar fjalla um þá höfuðborgarmiðuðu sýn á sviðslistir sem endurspeglast í þessum drögum. Aðalathugasemdir okkar eru fjórar:

1. Stóru listastofnunum þjóðarinnar sem sækja rekstrarfé sitt til ríkissjóð ætti að vera skylt að sinna öllum borgurum landsins, óháð búsetu. Því ætti að setja í lög kvöð um árlegar sýningarferðir um land allt sbr. 3mgr. 5 gr. laga nr. 138/1998.
2. Setja verður í lög sérstakan fjárhagslegan stuðning, í réttu hlutfalli við íbúafjölda landsbyggðarinnar hið minnsta, við atvinnulistastarfsemi á landsbyggðinni.
3. Í frumvarpið vantar algerlega ákvæði um þríhliða samninga sveitarfélaga, ríkis, og atvinnulistastofnanna.
4. Tryggt sé að aðgengi að sviðslistum sé undanbragðalaust óháð búsetu.

Athugasemdir við einstaka greinar:

Við leggjum til að eftirfarandi greinum verði breytt til þess vegar sem birtist sundurliðaður hér að neðan, undirstrikað og skáletrað er viðbót:

I. KAFLI.

Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Markmið

Markmið laga þessara er að efla íslenskar sviðslistir á landinu öllu, kveða á um skipan og fyrirkomulag sviðslistamálefna og búa þeim hagstæð skilyrði. Með sviðslistum er átt við leiklist, listdans, óperuflutning,

brúðuleik og skylda liststarfsemi sem heyrir ekki undir lög um aðrar listgreinar. Í sviðslistum skal jafnrétti kynjanna ávallt haft að leiðarljósi. Í sviðslistum skal jafnt aðgengi borgaranna að sviðslistum tryggð, burt séð frá búsetu þeirra.

II. KAFLI.

Þjóðleikhús.

2. gr.

Hlutverk

Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar. Í því skal iðka leiklist og aðrar sviðslistir. Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að glæða áhuga landsmanna á sviðslistum og stuðla að þróun þeirra og nýsköpun, um land allt, árlega. Leikhúsið skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna á vandaðri íslensku, um land allt, árlega.

3. gr.

Helstu verkefni

Aðalverkefni Þjóðleikhússins er flutningur íslenskra og erlendra leikverka, nýrra og gamla, og að stuðla að frumsköpun í íslenskum sviðslistum, um land allt, árlega. Verkefnaval skal vera fjölbreytt og tryggja skal að á dagskrá hvers leikárs séu frumflutt íslensk leikverk og verk sérstaklega ætluð börnum og ungu fólki, um land allt. Einnig skal leikhúsið annast fræðslu- og kynningarstarf og standa að leikferðum, um land allt, árlega.

6. gr.

Samstarf

Þjóðleikhúsið skal kosta kapps um samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna sviðslistum með það að markmiði að auka fjölbreytni og skapa listrænan ávinning, um land allt. Leikhúsið skal eftir föngum veita leikfélögum áhugamanna lið og gera sviðslistanemendum kleift að fylgjast með leikhússtarfinu. Leikhúsið skal einnig stuðla að listuppeldi og fræðslustarfi í samstarfi við menntastofnanir og gera nemendum og almenningi kleift að kynna sér starfsemi leikhússins eftir því sem við verður komið.

III. KAFLI.

Íslenski dansflokkurinn.

9. gr.

Hlutverk

Íslenski dansflokkurinn er eign íslensku þjóðarinnar. Íslenski dansflokkurinn skal í starfsemi sinni leitast við að glæða áhuga landsmanna á sviðslistum og stuðla að þróun þeirra og nýsköpun. Hlutverk Íslenska dansflokksins er að sýna listdans um land allt og vera að öðru leyti vettvangur fyrir eflingu og framþróun danslistar á Íslandi, um land allt, árlega.

10. gr.

Helstu verkefni

Aðalverkefni Íslenska dansflokksins eru sýningar á íslenskum og erlendum dansverkum, um land allt, árlega. Verkefnaval skal vera fjölbreytt og tryggja skal að á dagskrá hvers starfsárs séu íslensk dansverk. Einnig skal dansflokkurinn annast fræðslu- og kynningarstarf og standa að sýningarferðum, um land allt, árlega.

13. gr.

Samstarf

Íslenski dansflokkurinn skal kosta kapps um samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna listdansi ef það verður til að auka fjölbreytni og skapa listrænan ávinning fyrir samstarfsaðila. Dansflokkurinn skal stuðla að listuppeldi um land allt og fræðslustarfi í samstarfi við menntastofnanir um land allt og gera nemendum og almenningi kleift að kynna sér starfsemi dansflokksins eftir því sem við verður komið.

IV. KAFLI.

Önnur sviðslistastarfsemi.

16. gr.

Hlutverk

Hlutverk sviðslistaráðs er að vera vettvangur fyrir umfjöllun og stefnumörkun um málefni sviðslista um land allt. Ráðið er ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar og samráðs. Hlutverk sitt rækir ráðið meðal annars með því að:

- a) veita umsögn um þau mál sem ráðherra vísar til þess,
- b) gera tillögu til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi sviðslistasjóðs til þriggja ára í senn,
- c) að gera tillögu til ráðherra um úthlutunarreglur,
- d) úthluta árlega styrkjum úr sviðslistasjóði, með áherslu á aðgengi listamanna að sjóðnum óháð búsetu þeirra
- e) sinna öðrum verkefnum á sviði sviðslista samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

17. gr.

Sviðslistasjóður

Hlutverk sviðslistasjóðs er að efla íslenskar sviðslistir um land allt og kosta önnur verkefni er falla undir hlutverk og starfsemi á sviði sviðslista. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, deild atvinnuhópa og deild áhugahópa í sviðslistum. Sviðslistaráð gerir tillögur til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi sjóðsins til þriggja ára. Ráðherra setur sviðslistasjóði reglur um auglýsingar, meðferð umsókna og afgreiðslu þeirra. Við mat á umsóknum úr sviðslistasjóði er sviðslistaráði heimilt að leita umsagnar fagaðila. Þóknun fulltrúa í sviðslistaráði og annar kostnaður af starfsemi ráðsins greiðist úr sviðslistasjóði. Ákvarðanir sviðslistaráðs eru endanlegar á stjórnarsýslustigi og sæta ekki kærnu til ráðherra.

18. gr.

Kynningarmál

Ráðherra hefur heimild til að fela þar til bærum aðila að reka sérstaka skrifstofu til að kynna íslenskar sviðslistir hér á landi og erlendis og efla alþjóðlegt samstarf íslenskra sviðslistamanna og stofnana um land allt.

19. gr.

Óperustarfsemi

Stuðla skal að því að glæða áhuga landsmanna á óperum og skapa grundvöll fyrir óperuflutningi um land allt. Í því skyni er ráðherra heimilt að styðja sérstaklega við óperustarfsemi og gera fyrir hönd ríkissjóðs tímabundinn samning við lögaðila, félag eða stofnanir um fjárstuðning.

Samantekt:

1. Tryggt verði að listastofnanir þjóðarinnar sinni þjóðinni allri, alltaf.
2. Tryggt verði að listamönnum landsbyggðarinnar sé ekki mismunað í úthlutunum úr sjóðum ríkisins.
3. Tryggt verði að þríhliða samningum um menningarmál verði skapað traust umhverfi.

